

**Mál nr. 112/2017**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V v. slysaftryggingar ökumanns og eiganda bifreiðar.**

**Háttsemi ökumanns við akstur og áhrif á bótarétt vegna umferðaróhapps 10.11.2016.**

**Gögn.**

1. Málskot móttækið þ. 28.3.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-9.
2. Bréf V dags. 3.4.2017.

**Málsatvik.**

M ók bifreið sinni suður Sólvangsveg í Hafnarfirði og fékk sér sopa af skyrdrykk, ætlaði að leggja hann frá sér en tókst það ekki þannig að umbúðir lentu á gólfi bifreiðarinnar. M teygði sig eftir umbúðunum en missti við það stjórn á bifreiðinni sem rakst við það á vegkant og lenti síðar á ljósastaur. M krefst bóta úr slysaftryggingu ökumanns og eiganda hjá V og hafnar því að V sé heimilt að skerða bætur til hans. M segist ekki hafa ekið á miklum hraða og ekki sýnt af sér mikla sök þó hann hefi teygt sig eftir hlut á gólfinu. Þá krefst M þess, að verði bætur til hans skertar þá verði ekki um helmingsskerðingu að ræða og telur með vísan til dómaframkvæmdar að skerðing geti aldrei orðið annað en lægri en sem nemur 1/3 skerðingar. V telur að sú háttsemi M að teygja sig með höndina niður í gólf til að sækja eitthvað sem hann missir, án þess að stöðva bifreiðina hafi verið stórkostlega gálaus og M hafi brotið gegn 4. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þannig telur V að heimild í 2. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 sé fyrir hendi fyrir V til að skerða bætur til M um helming. Báðir aðilar M og V vísa til dómaframkvæmdar í málum sem þessum.

**Álit.**

Ágreiningslaust er að M horfði ekki á veginn þegar hann missti stjórn á ökutæki sínu sem var ekið á 40-50 km.hraða, þegar M var að teygja sig eftir umbúðum skyrdrykks sem voru á gólfi bifreiðarinnar. Með því háttalagi sýndi M af sér stórkostlegt gáleysi. Að virtum gögnum málsins og með vísan til dóma Hæstaréttar Íslands í svipuðum málum telst sök M og aðstæður allar þannig að V geti takmarkað ábyrgð sína sem nemur 1/3 hluta tjóns M.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr slysaftryggingu ökumanns og eiganda bifreiðar sinnar, en ber 1/3 tjóns síns sjálfur vegna stórkostlegs gáleysis við akstur.

Reykjavík 23.5.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.